

8. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn 21. september 2018 í skrifstofu hreppsins í Norðurfirði kl. 20:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Úlfar Eyjólfsson 1.varamaður vegna fjarveru A.B. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Samningur við hreppsn. Kaldrananeshrepps v. skólagöngu barns úr Árneshreppi.
2. Niðurstöður vagna leigumála..
3. Undirrita fundargerðir í bók, fundarg. frá 8.júlí bls. 174 -176 + á bls. 172.
4. Bréf frá Þjóðskjalasafni Ísl. vegna nýrra laga um persónuvernd, lagt fram til kynningar.
5. Þjóðlendur –Óbyggðanefnd, bréf lagt fram til umræðu.
6. Bréf og gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, lagt fram til kynningar.
7. Jörðin Kambur, framvindan.
8. Þvottavél í kennaraíbúð.
9. Bréf til ráðherra varðandi þrífösun ragnmagns og varðandi vetrarþjónustu.

1. Samningur við hreppsnefnd Kaldrananeshrepp vegna skólagöngu. Ákveðið var að fá undirritaðan samning á milli sveitarfélaganna. Ennfremur verður sótt um styrki til Jöfnunarsjóðs vegna annars kostnaðar þessu viðkomandi.

2. Niðurstöður vegna leigumála. Tölvupóstar hafa borist frá Ólafi Valssyni um uppsögn á leigu á verslunarrými og íbúð í Kaupfélagshúsinu á Norðurfirði og hefur hreppsnefnd fallist á uppsögn hans og þegar sent honum bréf þess efnis. Ákveðið var að senda öllum íbúum sveitarinnar bréf/tölvupóst varðandi stöðu mála.

3. Undirritaðar voru fundargerðir nokkurra funda í fundargerðarbók og aðrar fundargerðir á bls. 172 og 176 í tölvurituðum fundargerðum.

4. Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna nýrra laga um persónuvernd. Bréfið lagt fram til kynningar.

5. Þjóðlundur - Óbyggðanefnd. Ákveðið að fylgjast með framvindunni og hafa samband við Óbyggðanefnd fljótlega.
6. Bréf og gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, lagt fram til kynningar.
7. Jörðin Kambur, framvindan. Ákveðið var að oddviti sendi bréf til tilvonandi kaupenda til að fá upplýsingar um stöðu mála, ákveðið að gefa þeim einn mánuð til viðbótar til að ganga frá málum.
8. Þvottavél í kennaraíbúð. Ákveðið var að kaupa umrædda þvottavél og jafnframt að kaupa nýja ryksugu fyrir skólann.
9. Bréf til ráðherra varðandi þrífösun rafmagns og varðandi vetrarþjónustu. Viðkomandi bréf lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:15.